

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1343**2023/EES/30/41****frá 29. júlí 2022**

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asekinósýl, klórántranilípról og emamektín í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefn-aleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýrarfkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir asekinósýl, klórántranilípról og emamektín.
- 2) Að því er varðar asekinósýl lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ⁽²⁾. Að því er varðar sumar afurðir mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Fastsetja ætti hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir greipaldin, appelsínur, sítrónur, súruldin, mandarínur, heslihnetur, epli, perur, kveði, trjámisþilsaldin, dúnepli, vínber til neyslu og vínþrúgur, tómata, eggaldin, humla, svín (vöðva, fitu, lifur, nýru), nautgripi (vöðva, fitu, lifur, nýru, mjólk) og hesta (vöðva, fitu, lifur, nýru, mjólk) og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnanda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.
- 3) Að því er varðar klórántranilípról lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ⁽³⁾. Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir möndlur, parahnetur, kasúhnetur, kastanufuhnetur, kókosnetur, heslihnetur, goðahnetur, pekanhnetur, furuhnetukjarna, pistasíuhnetur, valhnetur, epli, perur, kveði, trjámisþilsaldin, dúnepli, sykurmaís, blómkál, sellerí, kaffibaunir og vöðva (svín, nautgripir, sauðfé, geitur og hestar). Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Fastsetja ætti hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 202, 2.8.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

⁽²⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for acequinocyl according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18 (1): 5983.

⁽³⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for chlorantraniliprol according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18 (9): 6235.

(EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Að því er varðar grænkál mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að viðhalda gildandi hámarksgildi leifa sem nemur 20 mg/kg. Aðildarríkin óskuðu þó eftir því að hámarksgildi leifa fyrir grænkál yrði hækkað í 40 mg/kg, sem er CXL-hámarksgildið fyrir hreðkublöð, vegna þess að hreðkublöð eru sem stendur flokkuð í B-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 í undirhópnum „grænkál“. Þegar CXL-hámarksgildið fyrir hreðkublöð var innleitt í löggjöf Sambandsins árið 2015 var hreðkublaða ekki getið sérstaklega í löggjöf Sambandsins. Af þessum sökum töldust þau tilheyra undirhópnum „nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*)“ en ekki undirhópnum „grænkál“. Aðildarríkin óskuðu eftir því að gildandi flokkun yrði fylgt. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir paprikur, melónur, vatnsmelónur, vínviðarlauf og áþekkar tegundir, jarðhnetur, sólblómafræ og repjufræ og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

- 4) Að því er varðar emamektín lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ⁽⁴⁾. Hún lagði til að skilgreiningu á leifum yrði breytt fyrir emamektín B1a og sölt þess, gefið upp sem emamektín B1a (óbundinn basi). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir plómur, kartöflur, gúrkur, smágúrkur, dvergbita, melónur, vatnsmelónur, spergilkál, blómkál, rósakál, höfuðkál, vorsalat/strábrúðu, salat, karsa og aðrar spírur og sprota, vetrarkarsa, klettasalat, sinnepskál, nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*), kerfil, graslauk, selleríblöð, steinselju, salvú, rósmarín, timjan, basilíku og æt blóm, lárviðarlauf, fáfnisgras, ertur (án fræbelgs) og ætíþistla. Að því er varðar aðrar afurðir mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Fastsetja ætti hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir appelsínur, sitrónur, mandarínur, vínber til neyslu og vínþrúgur, risagrasker, breiðblaða salatffla, baðmullarfræ, svín (vöðva, fitu, lifur, nýru), nautgripi (vöðva, fitu, lifur, nýru), sauðfé (vöðva, fitu, lifur, nýru), geitur (vöðva, fitu, lifur, nýru), hesta (vöðva, fitu, lifur, nýru), önnur alin landdýr (vöðva, fitu, lifur, nýru) og mjólk (nautgripir, sauðfé, geitur, hestar) og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir apríkósur. Umsókn var lögð fram skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa m.a. fyrir apríkósur. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitu sínu ⁽⁵⁾ að allar kröfur að því er varðar heildstærni framlagðra gagna hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjandinn óskaði eftir yrðu gerðar á hámarksgildi leifa fyrir apríkósur, væru viðunandi. Fjallað var um þessa breytingu í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/476 ⁽⁶⁾ og þess vegna er ekki þörf á viðbótarupplýsingum um apríkósur.
- 5) Tekið var tillit til gildandi CXL-hámarksgilda í rökstuddum álitum Matvælaöryggisstofnunarinnar. Við fastsetningu hámarksgilda leifa var tekið tillit til CXL-hámarksgilda sem eru örugg fyrir neytendur í Sambandinu.
- 6) Að því er varðar afurðir þar sem notkun viðkomandi plöntuverndarvara er ekki heimiluð í Sambandinu og þar sem ekki liggja fyrir innflutningsvikmörk eða CXL-hámarksgildi ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 7) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður þessara rannsóknarstofa að því er varðar nokkur efni voru þær að tækniþróun krefjist þess að fastsett séu sérstök magngreiningarmörk fyrir tilteknar vörur.

⁽⁴⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for emamectin according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(8), 5803.

⁽⁵⁾ „Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue levels for emamectin in various crops.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(8), 6824.

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/476 frá 24. mars 2022 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ediksyru, asoxýstróbín, bensóvindíflúpyr, sýantranilípról, sýflúfenamíð, emamektín, flútólaníl, brennisteinskalk, maltóðextrín og prókínasíð í eða á tilteknum afurðum (Stj.ú. ESB L 98, 25.3. 2022, bls. 9.).

- 8) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 9) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 10) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 11) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri heilsuvernd neytenda sé viðhaldið.
- 12) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins fyrir 22. febrúar 2023.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 22. febrúar 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júlí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í II. viðauka er eftirfarandi dálkum bætt við fyrir asekinósýl, klórántranilípról og emamektín:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (*)	Asekinósýl (F)	Klórántranilípról (F)	Emamektín B1a og sólt þess, gefið upp sem emamektín B1a (óbundinn basi) (R) (F)
0100000	NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR			
0110000	Sítrusávextir	0,6 (+)	0,7	
0110010	Greipaldin	(+)		0,002 (*)
0110020	Appelsínur	(+)		0,003 (+)
0110030	Sítrónur	(+)		0,003 (+)
0110040	Súraldin	(+)		0,002 (*)
0110050	Mandarínur	(+)		0,003 (+)
0110990	Annað (2)			0,002 (*)
0120000	Trjáhnetur	0,01 (*)	0,03	0,005 (*)
0120010	Möndlur			
0120020	Parahnetur			
0120030	Kasúhnetur			
0120040	Kastaníuhnetur			
0120050	Kókoshnetur			
0120060	Heslihnetur	(+)		
0120070	Goðahnetur			
0120080	Pekanhnetur			
0120090	Furuhnetukjarnar			
0120100	Pistasúhnetur			
0120110	Valhnetur			(+)
0120990	Annað (2)			
0130000	Kjarnaávéxtir	0,4 (+)	0,4	0,02
0130010	Epli	(+)		
0130020	Perur	(+)		
0130030	Kveði	(+)		
0130040	Trjámisspilsaldin	(+)		
0130050	Dúnepli/japansplómur	(+)		
0130990	Annað (2)			

0140000	Steinaldín		1	
0140010	Apríkósur	0,01 (*)		0,05
0140020	Kirsuber (sæt)	0,1		0,04
0140030	Ferskjur	0,1		0,15
0140040	Plómur	0,03		0015
0140990	Annað (2)	0,01 (*)		0.002 (*)
0150000	Ber og smá aldin			
0151000	a) Þrúgur	0,8	1	0,04
0151010	Vínber til neyslu	(+)		(+)
0151020	Vínþrúgur	(+)		(+)
0152000	b) Jarðarber	0,01 (*)	1	0,05
0153000	c) Klungurber	0,01 (*)	1,5	0.002 (*)
0153010	Brómber			
0153020	Daggarber			
0153030	Hindber (rauð og gul)			
0153990	Annað (2)			
0154000	d) Önnur smá aldin og ber	0,01 (*)		0.002 (*)
0154010	Aðalbláber		1,5	
0154020	Trönuber		1	
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber		1	
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)		1	
0154050	Rósaldin		1	
0154060	Mórber (svört og hvít)		1	
0154070	Eplapýrniber/Miðjarðarhafstrjámissaldin		1	
0154080	Yllyber		1	
0154990	Annað (2)		1	
0160000	Ýmis aldin með	0,01 (*)		
0161000	a) Ætu hýði			
0161010	Döðlur		0,01 (*)	0.002 (*)
0161020	Fíkjur		0,01 (*)	0.002 (*)
0161030	Ólífur til átu		0,01 (*)	0.005 (*)
0161040	Gullappelsínur		0,7	0.002 (*)
0161050	Stjörnualdin		0,01 (*)	0.002 (*)
0161060	Gallaldin		0,01 (*)	0.002 (*)
0161070	Jövuþlómur		0,01 (*)	0.002 (*)

0161990	Annað (2)		0,01 (*)	0.002 (*)
0162000	b) Óætu hýði, lítil		0,01 (*)	
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)			0,15
0162020	Litkaber			0.002 (*)
0162030	Píslaraldin			0.002 (*)
0162040	Kaktusfíkjur			0.002 (*)
0162050	Stjörnuepli			0.002 (*)
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí			0.002 (*)
0162990	Annað (2)			0.002 (*)
0163000	c) Óætu hýði, stór			
0163010	Lárperur		0,01 (*)	0.005 (*)
0163020	Bananar		0,01 (*)	0.002 (*)
0163030	Mangó		0,01 (*)	0.002 (*)
0163040	Papæjaldin		0,01 (*)	0.002 (*)
0163050	Granatepli		0,4	0.002 (*)
0163060	Morgunberkjur		0,01 (*)	0.002 (*)
0163070	Gvömur		0,01 (*)	0.002 (*)
0163080	Ananas		0,01 (*)	0.002 (*)
0163090	Brauðaldin		0,01 (*)	0.002 (*)
0163100	Dáraaldin		0,01 (*)	0.002 (*)
0163110	Nónberkjur		0,01 (*)	0.002 (*)
0163990	Annað (2)		0,01 (*)	0.002 (*)
0200000	NÝTT eða FRYST GRÆNMETI			
0210000	Rótar- og hnýðisgrænmeti	0,01 (*)		0.002 (*)
0211000	a) Kartöflur		0,03	
0212000	b) Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti		0,02	
0212010	Kassavarætur			
0212020	Sætar kartöflur			
0212030	Mjölrótarhnýði			
0212040	Örvarætur			
0212990	Annað (2)			
0213000	c) Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum			
0213010	Rauðrófur		0,06	
0213020	Gulrætur		0,08	
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí		0,06	

0213040	Piparrót		0,06	
0213050	Ætihnúðar		0,06	
0213060	Nípur		0,06	
0213070	Steinseljurætur		0,06	
0213080	Hreðkur		0,5	
0213090	Hafursrætur		0,06	
0213100	Gulrófur		0,06	
0213110	Næpur		0,06	
0213990	Annað (2)		0,06	
0220000	Laukar	0,01 (*)	0,01 (*)	0.002 (*)
0220010	Hvítlaukur			
0220020	Laukar			
0220030	Skalottlaukar			
0220040	Vorlaukar og pípulaukar			
0220990	Annað (2)			
0230000	Aldingrænmeti			
0231000	a) Náttskuggaætt og stokkrósaætt			0,02
0231010	Tómatar	0,3 (+)	0,6	
0231020	Paprikur	0,01 (*)	1 (+)	
0231030	Eggaldin	0,3 (+)	0,6	
0231040	Okkur	0,01 (*)	0,6	
0231990	Annað (2)	0,01 (*)	0,6	
0232000	b) Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði		0,3	0007
0232010	Gúrkur	0,08		
0232020	Smágúrkur	0,04		
0232030	Dvergbítar	0,08		
0232990	Annað (2)	0,01 (*)		
0233000	c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði	0,01 (*)	0,3	0008
0233010	Melónur		(+)	
0233020	Risagrasker			(+)
0233030	Vatnsmelónur		(+)	
0233990	Annað (2)			
0234000	d) Sykurmaís	0,01 (*)	0,01 (*)	0.002 (*)

0239000	e) Annað aldirgrænmeti	0,01 (*)	0,01 (*)	0.002 (*)
0240000	Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)	0,01 (*)		
0241000	a) Blómstrandi kál			0003
0241010	Spergilkál		1,5	
0241020	Blómkál		0,5	
0241990	Annað (2)		0,5	
0242000	b) Kálhöfuð			0004
0242010	Rósakál		0,01 (*)	
0242020	Höfuðkál		2	
0242990	Annað (2)		0,01 (*)	
0243000	c) Blaðkál			
0243010	Kínakál		20	0,2
0243020	Grænkál		40	0,03
0243990	Annað (2)		20	0,03
0244000	d) Hnúðkál		0,01 (*)	0.002 (*)
0250000	Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm			
0251000	a) Salat og salatplöntur	0,01 (*)		
0251010	Vorsalat/strábrúða		20	0,6
0251020	Salat		20	0,2
0251030	Breiðblaða salatfíflar		20	0,15 (+)
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar		20	0,6
0251050	Vetrarkarsi		20	0,6
0251060	Klettsalat		20	0,6
0251070	Sinnepskál		20	0,6
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)		40	0,6
0251990	Annað (2)		20	0,6
0252000	b) Spínat og áþekkt blöð	0,01 (*)	20	0,2
0252010	Spínat			
0252020	Súpugull			
0252030	Blaðbeðjur			
0252990	Annað (2)			

0253000	c) Vínviðarlauf og áþekkar tegundir	0,01 (*)	20 (+)	0.002 (*)
0254000	d) Brunnerperla	0,01 (*)	20	0,6
0255000	e) Jólusalat/salatfíflar	0,01 (*)	20	0.002 (*)
0256000	f) Kryddjurtir og æt blóm	0,02 (*)	20	
0256010	Kerfill			0,2
0256020	Graslaukur			0,2
0256030	Blöð af sellerí			0,2
0256040	Steinselja			0,2
0256050	Salvía			0,6
0256060	Rósmarín			0,2
0256070	Garðablóðberg			0,2
0256080	Basilíka og æt blóm			0,2
0256090	Lárviðarlauf			0,2
0256100	Fáfnişgras			0,2
0256990	Annað (2)			0,2
0260000	Belgávextir	0,01 (*)		
0260010	Baunir (með fræbelg)		0,8	0,03
0260020	Baunir (án fræbelgs)		0,01 (*)	0015
0260030	Ertur (með fræbelg)		2	0,03
0260040	Ertur (án fræbelgs)		0,01 (*)	0.002 (*)
0260050	Linsubaunir		0,01 (*)	0.002 (*)
0260990	Annað (2)		0,01 (*)	0.002 (*)
0270000	Stöngulgrænmeti	0,01 (*)		
0270010	Sperglar		0,01 (*)	0.002 (*)
0270020	Salatþistlar		8	0.002 (*)
0270030	Sellerí		8	0.002 (*)
0270040	Hnúðfenníkur		8	0.002 (*)
0270050	Ætiþistlar		2	0,09
0270060	Blaðlaukar		0,01 (*)	0.002 (*)
0270070	Rabarbarar		8	0.002 (*)
0270080	Bambussprotar		0,01 (*)	0.002 (*)
0270090	Pálmakjarnar		0,01 (*)	0.002 (*)
0270990	Annað (2)		0,01 (*)	0.002 (*)
0280000	Sveppir, mosar og fléttur	0,01 (*)	0,01 (*)	0.002 (*)
0280010	Ræktaðir sveppir			

0280020	Villtir sveppir			
0280990	Mosar og fléttur			
0290000	Pörungar og dreifkjörnungslifverur	0,01 (*)	0,01 (*)	0.002 (*)
0300000	BELGÁVEXTIR	0,01 (*)	0,3	0.005 (*)
0300010	Baunir			
0300020	Linsubaunir			
0300030	Ertur			
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir			
0300990	Annað (2)			
0400000	OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN	0,01 (*)		0.005 (*)
0401000	Olíufræ			
0401010	Hörfrae		2	
0401020	Jarðhnetur		0,06 (+)	
0401030	Valmúafrae		2	
0401040	Sesamfrae		2	
0401050	Sólblómafrae		2 (+)	
0401060	Repjufrae		2 (+)	
0401070	Sojabaunir		0,05	
0401080	Mustarðsfrae		2	
0401090	Baðmullarfrae		0,3	(+)
0401100	Risagraskersfrae		2	
0401110	Litunarþistilsfrae		2	
0401120	Hjólkrónufrae		2	
0401130	Akurdoðrufrae		2	
0401140	Hampfrae		2	
0401150	Kristpálmafrae		2	
0401990	Annað (2)		0,01 (*)	
0402000	Olíurík aldin			
0402010	Ólífur til olíuframléiðslu		0,01 (*)	
0402020	Olíupálmakjarnar		0,01 (*)	
0402030	Olíupálmaaldin		0,8	
0402040	Dúnviðaraldin		0,01 (*)	
0402990	Annað (2)		0,01 (*)	
0500000	KORNVÖRUR	0,01 (*)		0.005 (*)
0500010	Bygg		0,02	
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir		0,02	

0500030	Maís		0,02	
0500040	Hirsi		0,02	
0500050	Hafrar		0,02	
0500060	Hrísgtjón		0,4	
0500070	Rúgur		0,02	
0500080	Dúrri		0,02	
0500090	Hveiti		0,02	
0500990	Annað (2)		0,02	
0600000	TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESAR-BRAUÐ	0,05 (*)		
0610000	Te		0,05 (*)	0,01 (*)
0620000	Kaffibaunir		0,01 (*)	0,01 (*)
0630000	Jurtate úr		0,05 (*)	
0631000	a) Blómum			0,01 (*)
0631010	Gæsajurt			
0631020	Læknakólfur			
0631030	Rósir			
0631040	Jasmína			
0631050	Lindiblóm			
0631990	Annað (2)			
0632000	b) Blöðum og kryddjurtum			2
0632010	Jarðarber			
0632020	Rauðrunnalauf			
0632030	Indíánaþyrnislaufr			
0632990	Annað (2)			
0633000	c) Rótum			0,01 (*)
0633010	Garðabrúða			
0633020	Ginseng			
0633990	Annað (2)			
0639000	d) Öðrum plöntuhlutum			0,01 (*)
0640000	Kakóbaunir		0,05 (*)	0,01 (*)
0650000	Jóhannesarbrauð		0,05 (*)	0,01 (*)
0700000	HUMLAR	20 (+)	40	0,01 (*)
0800000	KRYDD			
0810000	Krydd úr fræjum	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)
0810010	Anís/anísfræ			
0810020	Ilmfrú			

0810030	Sellerí			
0810040	Kóríander			
0810050	Kúmín			
0810060	Dill			
0810070	Fennikur			
0810080	Grikkjasmári			
0810090	Múskat			
0810990	Annað (2)			
0820000	Aldinkrydd	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)
0820010	Allrahanda			
0820020	Kínapiþar			
0820030	Kúmen			
0820040	Kardimommur			
0820050	Einiber			
0820060	Pípar (svartur, grænn og hvítur)			
0820070	Vanilla			
0820080	Tamarind			
0820990	Annað (2)			
0830000	Barkarkrydd	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)
0830010	Kanill			
0830990	Annað (2)			
0840000	Krydd úr rótum og jarðstönglum			
0840010	Lakkrís	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)
0840020	Engifer (10)			
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)
0840040	Píparrót (11)			
0840990	Annað (2)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)
0850000	Blómhnappakrydd	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)
0850010	Negull			
0850020	Kapers			
0850990	Annað (2)			
0860000	Frævukrydd	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)
0860010	Saffran			
0860990	Annað (2)			
0870000	Frækápukrydd	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)
0870010	Múskatblóm			
0870990	Annað (2)			

0900000	SYKURPLÖNTUR	0,01 (*)		0.002 (*)
0900010	Sykkurrófurætur		0,01 (*)	
0900020	Sykkurreyr		0,5	
0900030	Kaffifíflsrætur		0,01 (*)	
0900990	Annað (2)		0,01 (*)	
1000000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR			
1010000	Vörur úr	0,01 (*)		
1011000	a) Svínur			
1011010	Vöðvi	(+)	0,03	0.004 (+)
1011020	Fita	(+)	0,2	0,02 (+)
1011030	Lifur	(+)	0,2	0,08 (+)
1011040	Nýru	(+)	0,2	0,08 (+)
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		0,2	0,08
1011990	Annað (2)		0,01 (*)	0,01 (*)
1012000	b) Nautgripur			
1012010	Vöðvi	(+)	0,03	0.004 (+)
1012020	Fita	(+)	0,2	0,02 (+)
1012030	Lifur	(+)	0,2	0,08 (+)
1012040	Nýru	(+)	0,2	0,08 (+)
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		0,2	0,08
1012990	Annað (2)		0,01 (*)	0,01 (*)
1013000	c) Sauðfé			
1013010	Vöðvi		0,03	0.004 (+)
1013020	Fita		0,2	0,02 (+)
1013030	Lifur		0,2	0,08 (+)
1013040	Nýru		0,2	0,08 (+)
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		0,2	0,08
1013990	Annað (2)		0,01 (*)	0,01 (*)
1014000	d) Geitum			
1014010	Vöðvi		0,03	0.004 (+)
1014020	Fita		0,2	0,02 (+)
1014030	Lifur		0,2	0,08 (+)
1014040	Nýru		0,2	0,08 (+)
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		0,2	0,08
1014990	Annað (2)		0,01 (*)	0,01 (*)

1015000	e) Hestum			
1015010	Vöðvi	(+)	0,03	0.004 (+)
1015020	Fita	(+)	0,2	0,02 (+)
1015030	Lifur	(+)	0,2	0,08 (+)
1015040	Nýru	(+)	0,2	0,08 (+)
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		0,2	0,08
1015990	Annað (2)		0,01 (*)	0,01 (*)
1016000	f) Alifuglum			0,01 (*)
1016010	Vöðvi		0,02	
1016020	Fita		0,08	
1016030	Lifur		0,07	
1016040	Nýru		0,01 (*)	
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		0,08	
1016990	Annað (2)		0,01 (*)	
1017000	g) Öðrum öldum landdýrum			
1017010	Vöðvi		0,03	0.004 (+)
1017020	Fita		0,2	0,02 (+)
1017030	Lifur		0,2	0,08 (+)
1017040	Nýru		0,2	0,08 (+)
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		0,2	0,08
1017990	Annað (2)		0,01 (*)	0,01 (*)
1020000	Mjólk	0,01 (*)	0,05	0.002 (*)
1020010	Nautgripir	(+)		(+)
1020020	Sauðfé			(+)
1020030	Geitur			(+)
1020040	Hestar	(+)		(+)
1020990	Annað (2)			
1030000	Fuglseggr	0,01 (*)	0,2	0,01 (*)
1030010	Hænsni			
1030020	Endur			
1030030	Gæsir			
1030040	Kornhænur			
1030990	Annað (2)			
1040000	Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
1050000	Froskdýr og skriðdýr	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)

1060000	Landhryggleysingar	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
1070000	Villt landhryggdýr	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
1100000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)			
1200000	AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU NOT-ADIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)			
1300000	UNNIN MATVÆLI (9)			

(*) Neðri greiningarmörk

(^a) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

Asekínósýl (F)

(F) Fituleysanlegt

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir og stöðugleika við geymslu. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 2. ágúst 2024 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0120060 Heslihnetur

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 2. ágúst 2024 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

1011010 Vöðvi

1011020 Fita

1011030 Lifur

1011040 Nýru

1012010 Vöðvi

1012020 Fita

1012030 Lifur

1012040 Nýru

1015010 Vöðvi

1015020 Fita

1015030 Lifur

1015040 Nýru

1020010 Nautgripir

1020040 Hestar

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um rannsóknir á vatnsrofi sem líkja eftir gerilsneyðingu, suðu og dauðhreinsun. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 2. ágúst 2024 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0110000 Sítrusávextir

0110010 Greipaldin

0110020 Appelsínur

0110030 Sítrónur

0110040 Súraldin

0110050 Mandarínur

0130000 Kjarnaávextir

0130010 Epli

0130020 Perur

0130030 Kveði

0130040 Trjámisspilsaldin

0130050 Dúnepli/japansplómur

0151010 Vínber til neyslu

0151020 Vínþrúgur

0231010 Tómatar

0231030 Eggaldin

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um stöðugleika við geymslu og rannsóknir á vatnsrofi sem líkja eftir gerilsneyðingu, suðu og dauðhreinsun. Við endurmat á hámarks-gildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 2. ágúst 2024 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0700000 HUMLAR**Klórántranilípról (F)**

(F) Fituleysanlegt

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarks-gildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 2. ágúst 2024 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0231020 Paprikur**0233010 Melónur****0233030 Vatnsmelónur****0401020 Jarðhnetur****0401050 Sólblómafræ****0401060 Repjufræ**

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um geymsluskilyrði sem eru notaðar við prófanir á leifum. Við endurmat á hámarks-gildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 2. ágúst 2024 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0253000 c) Vínviðarlauf og áþekkar tegundir**Emamektín B1a og sölt þess, gefið upp sem emamektín B1a (óbundinn basi) (R) (F)**

(R) Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum: Emamektín B1a og sölt þess, gefið upp sem emamektín B1a (óbundinn basi) – kóði 1000000: Emamektín B1a

(F) Fituleysanlegt

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarks-gildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 2. ágúst 2024 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0110020 Appelsínur**0110030 Sítrónur****0110050 Mandarínur****0151010 Vínber til neyslu****0151020 Vínþrúgur****1011010 Vöðvi****1011020 Fita****1011030 Lifur****1011040 Nýru****1012010 Vöðvi****1012020 Fita****1012030 Lifur****1012040 Nýru****1013010 Vöðvi****1013020 Fita****1013030 Lifur****1013040 Nýru****1014010 Vöðvi****1014020 Fita****1014030 Lifur****1014040 Nýru****1015010 Vöðvi****1015020 Fita****1015030 Lifur****1015040 Nýru****1017010 Vöðvi****1017020 Fita****1017030 Lifur****1017040 Nýru****1020010 Nautgripir****1020020 Sauðfé****1020030 Geitur****1020040 Hestar**

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 2. ágúst 2024 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0233020 Risagrasker

0251030 Breiðblaða salatfíflar

0401090 Baðmullarfræ

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um stöðugleika við geymslu. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 2. ágúst 2024 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0120110 Valhnetur“

- 2) Í A-hluta III. viðauka falla dálkarnir fyrir asekinósýl, klórantranilípról og emamektín brott.
-